



## Reglur vegna útleigu íþróttahúsa Skagafjarðar til skemmtanahalds

### 1. gr. Markmið

Reglur þessar eru settar til að setja skýr ákvæði um útleigu íþróttahúsa Skagafjarðar til skemmtanahalds.

### 2. gr. Réttur til útleigu

Heimilt er að leigja íþróttahús Skagafjarðar undir skemmtanir. Er þá um að ræða skemmtanir sem önnur húsakynni Skagafjarðar geta ekki hýst. Við útleigu á íþróttahúsum skal þess gætt sérstaklega að hefðbundin starfsemi raskist sem minnst. Formleg umsókn um leigu skal berast forstöðumanni íþróttamannvirkja með minnst fjögurra vikna fyrirvara.

### 3. gr. Leigugjald

Leigutaki greiðir fyrir leigu á húsinu samkvæmt gjaldskrá íþróttamannvirkja hverju sinni.

### 4. gr. Sérákvæði vegna leigugjalds

Óhagnaðardrifin félagsamtök geta óskað eftir afslætti af leigu gegn því að skila inn formlegu erindi til félagsmála- og tómstundaneftndar. Í erindinu skal koma fram ástæður umsóknar, hvers vegna annað húsnæði í Skagafirði henti ekki og hvert ágóði af viðburðinum fari, verði einhver.

### 5. gr. Samkomulag um leigu

Gerður skal skriflegur samningur á milli leigutaka og leigusala. Er það í höndum forstöðumanns íþróttamannvirkja að svo sé gert. Í samningnum skal kveðið á um helstu atriði er hvíla á annars vegar leigutaka og hins vegar leigusala.